

Mál nr. 321/2016**M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar (X)****Vinnuslys í tengslum við löndum á frosnum fiskafurðum 10. ágúst 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 29. september 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 17. október 2016 ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir M við bréf V, dagsett 2. nóvember 2016.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu mun M hafa orðið fyrir slysi við vinnu sína fyrir X þann 10. ágúst 2013 þegar var við löndunarstörf. M starfaði hjá X við að skipa upp frosnum fiskafurðum úr skipinu Y sem er í eigu X. Var M staddur á hafnarbakkanum ásamt öðrum manni og voru þeir að húkka úr hífum sem komu upp úr lestum skipsins. vindur og bómur skipsins voru notaðar við verkið. Í eitt skiptið þegar þeir voru búnir að húkka úr og hífing var hafin, flæktist M í spottum klafanna með þrjá fingur hægri handar og hífðist upp í um átta metra hæð þar til að stjórnandi kranans, sem var starfsmaður X, tók eftir þessu og lét M síga aftur niður á hafnarbakkann. Brákaðist M á einum fingri og tognaði illa á tveimur öðrum.

M krefst skaðabóta úr hendi X á grundvelli þess að kranastjóri löndunarkranans hafi sýnt af sér sagnæma og ólögmæta háttsemi. Hvorki lögreglu né Vinnueftirliti ríkisins var tilkynnt um óhappið en lögreglan rannsakaði síðar vettvang og tók vitnaskýrslu. Telur M að tilkynningarskylda til Vinnueftirlitsins hafi hvílt á bæði vinnuveitanda sínum og X.

V hafnar skaðabótaskyldu X og telur kranastjórann ekki hafa sýnt af sér sagnæmt aðgæsluleysi þegar hann hífði brettaklærnar upp í umrætt sinn. Hafi hann fyrst haft yfirsýn yfir vinnusvæðið, byrjað að hífa rólega þegar hann fékk bendingu frá M og samstarfsmanni hans um að hífa. Hífði kranastjórinn fyrst rólega en svo hraðar þegar klærnar voru komnar upp fyrir vörunar og steig um leið til hliðar samkvæmt hefðbundnu verklagi, til að varna því að brettaklærnar sveifluðust í hann, en hafði þó brettaklærnar sjálfar í augsýn.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að sá sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður að færa sönnur á sagnæma og ólögmæta háttsemi þess sem hann telur bera ábyrgðina.

Miðað við gögn málsins verður að telja að verklag við hífingar í umrætt sinn hafi verið ábótavant. Telja verður mikilvægt að kranastjóri hafi ávallt yfirsýn yfir hífingarsvæðið og hífinguna sjálfa. Verði því ekki við komið verði fyrirkomulagið að vera slíkt að kranastjóri sé ávallt í sjónlínu við aðila á hífingarsvæðinu sem hafi yfirsýnina og geti komið skilaboðum til kranastjórans án tafar. Ljóst er að slysið varð vegna þess að kranastjórinn missti við hífinguna sjónar af spottunum eða stroffunum sem bundnar voru við klafana. Verður að telja slíkt verklag varhugavert og að það hafi orsakað að M var hífður upp á þremur fingrum í um átta metra hæð með fyrrgreindum afleiðingum.

Samkvæmt framangreindu verður að teljast sannað að X eigi að bera bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X.

Reykjavík, 22. nóvember 2016.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.